

Reykjavík 28. ágúst 2025

Stjórnarfundur KAÍ. haldinn á skrifstofu KAÍ kl. 12-14

Mættir: Reinharð, Ronja, Gaukur, Gunnlaugur, Sigbór á zoom og Elías á zoom í upphafi fundar.,

Dagskrá:

1. Kosning varaformanns.
 - a. Kosið var á milli Gunnlaugs Sigurðssonar og Ronju Halldórsdóttur.
 - b. Gunnlaugur fékk 3 atkvæði og Ronja 2. Gunnlaugur því kosinn varaformaður.
2. Fjármál.
 - a. 6 mánaða uppgjör. Reinharð lagði það fram. Tekjur um 18 milljónir og útgjöld um 17.900 þúsund eftir 6 mánuði og allir liðir innan áætlunar fyrir 2025.
 - b. Staðan í lok ágúst. Eigum um 6 milljónir á reikningum Sambandsins.
 - c. Innheimta félagsgjalda. Gaukur hefur sent út innheimtubréf á félögin. 3 hafa þegar greitt.
 - d. Endurgreiðsla frá Styrktarsjóði ungra keppenda. Gaukur lagði fram sundurliðun um endurgreiðslur til félaganna. Sendir út bréf og greiðir til þeirra fljótlega.
3. Mótamál.
 - a. GP3 27/28. september – vantar húsnæði. Breiðablik er með það í athugun.
 - b. BM 2025 og ÍMU í kumite – 8./9. nóvember – Ný dagsetning. Haukar eru að athuga með húsnæði. Ákveðið að fresta mótunum um 2 vikur vegna vetrarfría.
 - c. GP4 22/23. nóvember – vantar húsnæði.
 - d. Uppskeruhátíð 1./2. desember – vantar húsnæði.
 - e. RIG26, 24. Janúar 2026 – Laugardalshöll. Beðið eftir staðfestingu frá ÍBR.
 - f. Smáþjóðamót Evrópu í Reykjavík 2027. Samþykkt að reyna að halda mótið í Reykjavík í enda okt eða byrjun nóv. Reinharð ætlar að hafa samband við Laugardalshöll.
4. Landsliðsmál.
 - a. Landsliðspjálfari í kata – Er í vinnslu hjá landsliðsnefndinni.
 - i. Opnar æfingar – stefnt að þeim í september.
 - ii. Sálfræðiaðstoð við keppendur- Athuga með áfallahjálp fyrir keppendur hjá Rauða krossinum.
 - b. Næstu verkefni:

- i. 4. október – Bansai cup – Berlin – kata landslið
 - ii. 17.-19. október - Úrtökumót fyrir HM, París, Frakkland (ca. 5 keppendur gætu átt erindi.)
 - iii. 1.-3. nóvember – Smáþjóðamót, Larnaca, Kýpur
 - iv. 16. nóvember – Latvian Open – kumite landslið
 - v. 27.-30. nóvember HM, Kaíró, Egyptalandi.
- c. Tillaga frá KFR um að fjölga í Landsliðsnefnd. Halldór Stefánsson gefur kost á sér í nefndina. Nokkur umræða um fjölda nefndarmann, hvort auglýsa þurfi eftir tveimur í einu til að hafa oddatölu. Ákveðið að bera erindið undir formann Landsliðsnefndar áður en ákvörðun er tekin. Tekið fyrir á næsta fundi.

5. Aganefnd.

- a. Úrskurðir aganefndar. Úrskurður frá í mars 2025 vegna HH var felldur niður af Dómstól ÍSÍ og vísað aftur heim til efnislegrar meðferðar. Aganefndin stefnir á að úrskurða að nýju í byrjun september eftir að hafa veitt honum andmælarétt á fundi.
- b. Fulltrúar í aganefnd. Pétur sendi inn bréf og baðst lausnar sem fulltrúi í Aganefnd og frá formennsku. Birkir Jónsson tekur við formennsku Aganefndar fram að næsta Karateþingi. Magnús Sigþórsson færður úr varamanni í aðalmann.
- c. Breytingar á reglum um Aganefnd KAÍ. Vísað til næsta fundar.
- d. Lagabreytingar. Óbreyttur fjöldi kosinn á karateþingi.

6. Formannafundur 2025

- a. Dagsetning og staður.
 - i. 16. september í sölum ÍSÍ kl. 19.30-21.00.
- b. Mál til að kynna á fundinum.
 - i. Mótaáætlun fyrir haustið kynnt.
 - ii. Þátttaka á mótum á vormisseri. Tölfræði – Gaukur kynnr.
 - iii. Uppfærð reglugerð um Aganefnd kynnt.
 - iv. Óskað eftir að félögin tilnefni fulltrúa í Aganefnd KAÍ á næsta karateþingi.

7. Önnur mál.

- a. Styrkur til minningar um MKE.
 - i. Samþykkt tillaga frá Elíasi um að styrkja börn MKE um sambærilega upphæð og laun hans hefðu orðið til áramóta.

- ii. Óskað eftir að Dómaranefndin skipuleggi dómaranámskeið í tengslum við mótin á haustinu.
- iii. Lagt til að nota kynningarstyrkinn sem er í fjárhagsáætlun til að auglýsa karate sem íþrótt og vekja athygli á henni.

Stefnt á næsta fund föstudaginn 12.september.

Fundi slitið 13.45.

RR